

154. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn Miðvikudaginn 05.08. 2026, kl. 17.00 í Hafnarhúsinu Norðurtanga 5, Ólafsvík.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon
Hafrún Ævarsdóttir
Ísabella Una Halldórsdóttir
Marinó Sigurjónsson
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,

Hafnarstjóri setti fundinn.

1. Kosning formanns: Tillaga kom fram um Jón Bjarka Jónatansson sem formann. Samþykkt samhljóða. Jón Bjarki tók við fundarstjórn.
2. Kosning varaformanns. Tillaga kom fram um Heiðar Magnússon. . Samþykkt samhljóða.
3. Bréf frá bæjarritara dags. 11 júní 2026. , varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 153. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
4. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 482 dags. 13.04 og nr. 483 dags. 29.05. 2026. Lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá Vegagerðinni dags. 21.07. 2026, varðandi útboðið, Ólafsvík – Norðurbakki þekja og lagnir 2026. Auglýst var eftir tilboðum í verkið þann 06.07. 2026 og voru tilboð opnuð þann 21.07. 2026. Eftirfarandi tilboð bárust.

➤ Stafnafell ehf	kr. 69.808.974.-	77,8%
➤ Alm. Umhverfisþj ehf.	kr. 81.776.100.-	91,1%
➤ B.Vigfússon ehf	kr. 105.720.630.-	117,8%
➤ Sjótekni ehf	kr. 110.979.950.-	123,6%
➤ Kostnaðaráætlun verkkaupa	kr. 89.780.700.-	100,0%

Fram kemur í bréfinu að tilboðin hafi verið yfirfarin og leggur Vegagerðin að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Stafnafell ehf. á grundvelli tilboðs félagsins að upphæð kr. 69.808.974.- Samþykkt samhljóða að fela hafnarstjóra að hefja viðræður ásamt Vegagerðinni við Stafnafell e h.f.

6. Bréf frá Hafnasambandi Íslands vegna Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingar á hafnarlögum (gjaldaákvæði hafnarlaga) dags. 16.06.2026. lagt fram til kynningar.
7. Hafnarstjóri ræddi um umferðarmerkingar á hafnarsvæði. Samþykkt samhljóma að fela hafnarstjór að skoða málið og leggja síðan tillögur fyrir hafnarsjórn.
8. Rætt um boðun á hafnarstjórnarfundi. Hafnarstjóri lagði til að fundarboð vegna hafnarstjórnarfunda verði send bæði til aðalmanna og varamanna í hafnarstjórn. Samþykkt samhljóða.
9. Önnur mál. Almennar umræður um hafnarmál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45.

Fundargerð ritaði: Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon Hafrún Ævarsdóttir
Ísabella Una Halldórsdóttir Marinó Sigurjónsson
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,